

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við gististaði

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Eitt af áhersluatriðum áætlunarinnar eru orkuskipti í samgöngum sem er stærsti losunarpátturinn sem snýr að beinum skuldbindingum Íslands.

Markmiðið með verkefninu er að fjölga hleðslustöðvum við gististaði þannig að mögulegt verði að auka hlutdeild rafbíla í ferðaþjónustu. **Þeir gististaðir sem falla undir liði (a) og (b) í 4 gr. reglugerðar nr.**

1277/2016, geta sótt um styrki til uppsetninga á hleðslustöðvum.

Við úthlutun styrkja verður miðað við að:

- Verkefnið leiði til uppsetningar á hleðslustöðvum í öllum landshlutum þannig að notendur rafbíla/eigubíla geti ferðast um landið með öruggu aðgengi að hleðslustöðvum á næturstað.
- Þegar fleiri en einn sækir um uppsetningu stöðva á sama svæði, þá er sá umsækjandi valinn þar sem kostnaður við uppsetningu er lægstur miðað við fjölda gesta sem nýtt geta hleðslustöðina
- Við uppsetningu hleðslustöðva verði hugað að aðgengi fatlaðra

Til úthlutunar í eru 50 m.kr. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2019.

Rafrænar umsóknir sendist um þjónustugátt af vef www.os.is

Staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 15. október 2019

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: bj@os.is.



ORKUSTOFNUN

ORKUSJÓÐUR